

Stutt ristilspeglun



Stutt ristilspeglun er rannsókn þar sem slímhúð neðri hluta meltingarvegjar er skoðuð með sérstöku speglunartæki. Algengasta ástæða speglunar er fersk blæðing frá endaparmi. Speglunin tekur að jafnaði 15 mínútur og sjúklingur er yfirleitt vakandi á meðan.

Undirbúningur

Sjúkdómar eða þungun

Mikilvægt er að láta vita ef um er að ræða alvarlegan sjúkdóm, svo sem lungna-, hjarta- eða nýrnasjúkdóm eða þungun þar sem gera þarf sérstakar ráðstafanir ef svo er.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna og lýsis tveimur vikum fyrir rannsóknina þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu.

Lyf og ofnæmi

- Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru svo sem latex.
- Ef notuð eru blóðþynnandi lyf eða önnur lyf sem hafa áhrif á blóðstorku þarf að láta speglunadeild vita fyrir rannsóknina, því slík lyf geta aukið hættu á blæðingu ef taka þarf sýni í spegluninni. Læknir tekur ákvörðun um hvort stöðva þurfi tímabundið notkun slíkra lyfja. Hætta þarf notkun þeirra allt að sjö dögum fyrir rannsóknina. Blóðþynnandi lyf eru til dæmis Kóvar, Pradaxa, Eliquis, Persantin, Clopidogrel, Plavix, Ticlid, Efient, Brilique eða Hjartamagnýl/Aspirín.
- Mælt er með að hætta notkun bólgueyðandi lyfja eins og ibuprofen, Voltaren, Arthrotec og Naproxen sjö dögum fyrir rannsóknina.

Úthreinsun

Fyrir rannsóknina þarf að hreinsa meltingarveginn með hægðalosandi lyfi (Klyx) sem kaupa þarf í apóteki. Notaðar eru tvær 120 ml túpur samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli. Halda þarf vökvanum í sér í að minnsta kosti fimm mínútur til að áhrifin verði sem best. Hægðalosun verður fljótlega á eftir.

- Kvöldið fyrir speglunardag er tæmt úr fyrri túpunni í endaparm.
- Að morgni speglunardags er tæmt úr seinni túpunni í endaparm.


Framkvæmd speglunar

Speglunin fer fram á speglunardeild 11D á Landspítala við Hringbraut. Hafa þarf meðferðis upplýsingar um lyf eða lyfjakort. Við komu tekur hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði á móti sjúklingi. Farið er í sérstakar speglunarbuxur sem eru opnanlegar að aftan. Skráðar eru upplýsingar um heilsufar, veitt fræðsla varðandi rannsóknina og spurningum svarað eftir þörfum.

Speglunartækið er löng, mjó og sveigjanleg slanga með myndavél á endanum. Legið er á vinstri hlið og fætur dregnir upp að kvið. Endaparmur er skoðaður fyrst, síðan er speglunartækið þrætt 45-55 cm upp eftir ristlinum. Litlu magni af lofti er dælt inn í ristilinn til að fá betri yfirsýn og getur það valdið þrýstingstilfinningu sem yfirleitt er skammvinn. Vefjasýni eru tekin ef þörf krefur en það er sársaukalaust. Öll sýni eru send til vefjagreiningar. Ef separ finnast við speglunina eru þeir fjarlægðir ef hægt er.

Góð slökun og að anda djúpt og rólega nokkrum sinnum dregur úr óþægindum sem geta fylgt rannsókninni. Einnig getur losun á lofti dregið úr óþægindum.

Stutt ristilspeglun



Eftir speglun

- Þeir sem koma að heiman jafna sig á vöknun og fara heim eftir viðtal við lækni.
- Þeir sem eru innliggjandi á sjúkrahúsinu fara aftur á sína deild að lokinni speglun.
- Vægir vindverkir eftir speglunina eru eðlilegir og líða yfirleitt fljótt hjá. Gott er að leysa vind því það dregur úr þessum verkjum.
- Ef separ eru fjarlægðir eða sýni tekin úr ristli er eðlilegt að örliðið blóð komi frá endaparmi í einn til tvo daga eftir speglun.
- Meltingarlæknir veitir upplýsingar um niðurstöður speglunar og frekari leiðbeiningar að lokinni speglun.
- Ef sýni voru tekin verða þau send til rannsóknar og búast má við að niðurstöður liggi fyrir að viku liðinni. Meltingarlæknir hefur samband og greinir frá niðurstöðum sýnatöku.

Kostnaður

Greitt er fyrir speglunina samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, sjá [www.sjukra.is](#).

Fylgikvillar

Stutt ristilspeglun er talin örugg rannsókn en eins og við öll læknisfræðileg inngrip geta komið upp ófyrirséðir fylgikvillar. Hætta er á blæðingum, einkum ef teknir eru separ. Slíkar blæðingar stöðvast oftast af sjálfu sér en í einstaka tilfellum getur þurft að bregðast við þeim. Aðrir fylgikvillar eru mjög sjaldgæfir.

Hafa þarf samband við speglunardeild á opnunartíma hennar eða bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi ef eftirfarandi einkenni koma fram:

- Slæmir kviðverkir
- Blóðug eða svört uppköst
- Blóðugar eða svartar hægðir
- Hiti yfir 38°C
- Vanlíðan, ógleði, hrollur og skjálfti

Símanúmer

- | | |
|--|----------|
| • Speglunardeild 11D er opin virka daga kl. 8:00-16:00 | 543 6150 |
| • Skiptiborð Landspítala er opið allan sólarhringinn | 543 1000 |

Velkomið er að hringja ef spurningar vakna.